

## Áhrif á heilsufar og ráðleggingar um viðbrögð við SO<sub>2</sub> frá eldgosum

Magn SO <sub>2</sub> *	Lýsing á loftgæðum	Ráðleggingar um aðgerðir	
µg/m <sup>3</sup>		Einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma **	Heilbrigðir einstaklingar
	<b>Góð</b>		
0-300	Yfirleitt engin áhrif á heilsufar.	Getur fundið fyrir áhrifum	Engin áhrif á heilsufar
	<b>Viðunandi</b>		
300-600	Getur valdi óþægindum í öndunarfærum hjá einstaklingum með undirliggjandi sjúkdóma.	Farið með gát, fylgist með mælingum.	Áhrif á heilsufar ólíkleg.
	<b>Varasöm</b>		
600-3.000	Einkenni frá öndunarfærum líkleg hjá einstaklingum með undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma. Lítil vandamál hjá heilbrigðum.	Forðist áreynslu utandyra.	Áhrif á heilsufar ólíkleg en gagnlegt að draga úr áreynslu utandyra.
	<b>Óhollt</b>		
3.000-9.000	Einkenni frá öndunarfærum líkleg hjá öllum einstaklingum, einkum einstaklingum með undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma.	Dveljið innandyra og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu.	Forðist áreynslu utandyra. Þeir sem hafa tök á haldi sig innandyra, loki gluggum og slökkvi á loftræstingu.
	<b>Mjög óhollt</b>		
9.000-14.000	Allir líklegir til að finna fyrir miðlungs- eða alvarlegum einkennum frá öndunarfærum.	Dveljið innandyra og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.	Dveljið innandyra og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.
	<b>Hættuástand</b>		
> 14.000	Alvarleg einkenni frá öndunarfærum líkleg.	Dveljið innandyra og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.	Dveljið innandyra og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.

\*Meðalgildi í 15 mínútur

\*\*Börn og fullorðnir með astma, berkjubólgu, lungnaþembu og hjartasjúkdóma.

### Almennar ráðleggingar:

Andið sem mest með nefi

Dveljið innandyra og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu ef móða áberandi í umhverfi

Lungna- og hjartasjúklingar hafi sín lyf tiltæk

# Sóttvarnalæknir, Umhverfisstofnun og almannvarnardeild ríkislögreglustjóra

September 2014

Byggt á upplýsingum frá U.S. Department of the Interior, U.S. Geological Survey, **Menlo Park, California, USA** (<http://hvo.wr.usgs.gov>)